



Tímalína bls. 2

EMY

Heimildir bls. 15

Tilgangur og markmið bls. 3

Farvegur myndlistar til framtíðar:

fróðleikur & 25 verkefni

fyrir grunnskólanema og kennara

Byggt á listaverkum

Sigurjóns Ólafssonar (1908–1982)

Upplýsingapakki

9 verkefni bls. 32–40

Efsta stig

E

upplýsingar bls. 11

bls. 11–14

Bakgrunnsupplýsingar um listaverk

valin fyrir efsta stig bls. 12–14

Upplýsingapakki

8 verkefni bls. 24–31

Miðstig

M

upplýsingar bls. 7

bls. 7–10

Bakgrunnsupplýsingar um listaverk

valin fyrir miðstig bls. 8–10

Upplýsingapakki

8 verkefni bls. 16–23

Yngsta stig

Y

upplýsingar bls. 4

bls. 4–6

Bakgrunnsupplýsingar um listaverk

valin fyrir yngsta stig bls. 5–6



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Útgefandi 2014:

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
í samstarfi við Listasafn Íslands.
Verkefnið var styrkt af Safnaráði.
© höfundar texta og ljósmynda.

Höfundar (hugmynd og texti): Almadís Kristinsdóttir og Birgitta Spur
Aðstoð við hugmyndavinnu og verkefni: Klara Þórhallsdóttir
Grafísk hönnun: Almadís Kristinsdóttir **Veigert LSO**: Geirfínnur Jónsson
Myndvinnsla: Geirfínnur Jónsson og Sigurður Gunnarsson
Yfirlstur: Birgitta Spur, Svanfríður Franklinsdóttir og Ása Sigurjónsdóttir
© Höfundarréttur myndefnis: Birgitta Spur **Prófarkalesstur**: Uggi Jónsson



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Tímalína

Sigurjón Ólafsson (1908–1982)

- 1908** Fæðist á Eyrarbakka 21. október.
- 1923** Flyst til Reykjavíkur. Fær tilsögn hjá Einari Jónssyni myndhöggvara og Ásgrími Jónssyni málara.
- 1927** Lýkur sveinsprófi frá Iðnskólanum í Reykjavík.
- 1928** Fær inngöngu í Det Kongelige Akademi for de Skønne Kunster/ Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn, Danmörku.
- 1930** Sæmdur gullverðlaunum Konunglega listaháskólans fyrir *Verkamanninn*.
- 1931–32** Stundar nám í Rómaborg.
- 1935** Lýkur prófi frá Konunglega listaháskólanum.
- 1936–37** Gerir myndir af *Fótboltamönnum*.
- 1938** Kemur heim til Íslands um sumarið. Gerir andlitsmynd/portrett af móður sinni og verðlaunatillöguna *Börn að leik*.
- 1939** Hlýtur Eckersbergs-verðlaunin fyrir verkið *Móðir mín* og gerir tímamótaverkið *Maður og kona*.
- 1941–44** Vinnur að höggmyndum í granít fyrir Ráðhústorgið í Vejle, Danmörku.
- 1945** Snýr heim til Íslands. Sest að í hermannabragga á Laugarnesi í Reykjavík.
- 1947** Tekur þátt í *Septembersýningunni* og mótun hópsins.
- 1958** Félag íslenskra myndlistarmanna efnir til yfirlitssýningar í Listamannaskálanum í tilefni af 50 ára afmæli Sigurjóns.
- 1960–62** Dvelst sjúkur á Reykjalandi í Mosfellssveit. Fer þar að vinna verk úr járn.
- 1961** Ragnar Jónsson í Smára lætur reisa íbúðarhús fyrir Sigurjón og fjölskyldu hans á Laugarnesi.
- 1964** Gerir fyrstu verkin úr koparplötum.
- 1966–69** Gerir lágmyndir fyrir stöðvarhús Búrfellsvirkjunar.
- 1970** Gerir útilistaverkið *Holskeflu* í Ytri-Njarðvík.
- 1971** Öndvegissúlur Sigurjóns reistar við Höfða í Reykjavík. Gerir lágmyndir á hús Sundaborgar við Kleppsveg í Reykjavík.
- 1972** Yfirlitssýning haldin í Listasafni Íslands á Listahátíð í Reykjavík 1972.
- 1972–73** Gerir minnismerki um stofnun lýðveldisins 1944, *Íslandsmerki* sem stendur á Hagatorgi í Reykjavík.
- 1974** Tekur þátt í stofnun SEPTEM-hópsins. Gerir veggmyndir í tré fyrir Lögberg, hús lagadeildar Háskóla Íslands.
- 1982** Lést 20. desember í Reykjavík.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar varð hluti af Listasafni Íslands árið 2012 en var áður sjálfseignarstofnun.

Safnið var stofnað árið 1984. Það er staðsett við Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík. Sími: 553 2906
Netfang: lso@lso.is

Farvegur myndlistar til framtíðar: fróðleikur & 25 verkefni fyrir grunnskólanema og kennara

Söfn og skólar eiga það sameiginlegt að miðla þekkingu. Eitt af helstu hlutverkum safna er gera safnkost sinn aðgengilegan. Til að miðla þekkingu um safnkost til samfélags og komandi kynslóða er rafrænt aðgengi mjög mikilvægur farvegur. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hefur frá því 2007 haft öll verk Sigurjóns aðgengileg á netinu og var sú aðgerð frumkvöðlastarf í íslensku safnastarfi. Haustið 2013 var opnað fyrir aðgang almennings að Sarpi, menningarsögulegum gagnagrunni sem nýttur er af mörgum íslenskum söfnum, þar á meðal Listasafni Íslands. Kennarar geta nýtt sér báða gagnagrunnana við kennslu, www.sarpur.is & www.lso.is, en hér er stuðst við hinn síðarnefnda.

Myndlist sem ekki er aðgengileg kennurum í skólakerfinu er ósýnileg nemendum. Í skýrslu Safnaráðs, *Fræðsla fyrir alla: Menntunarhlutverk safna, staða og stefna* (2007, bls. 6), segir: „Menntun og fræðsla er undirliggjandi í öllu safnastarfi. Söfnun, varðveisla, forvarsla og rannsóknir á safnkosti fer fram meðal annars í því skyni að miðla megi þekkingu um liðna tíð, náttúruna og listir til samtímans og komandi kynslóða.“ Miðlun þekkingar getur tekið á sig margvísleg form en hugtakið safnfræðsla (e. *museum education*) er gjarnan notað sem samheiti yfir aðferðir og leiðir sem söfn nýta til miðlunar á fróðleik. Verkefnið *Farvegur myndlistar til framtíðar* er safnfræðsluverkefni til að auðvelda kennurum og nemendum aðgengi að listaverkum Sigurjóns Ólafssonar. Það samanstendur annars vegar af upplýsingapakka fyrir kennara þar sem er fróðleikur og gagnlegar upplýsingar um listaverkin sem valin hafa verið fyrir grunnskólanema á yngsta, mið- og efsta stigi og hins vegar tuttugu og fimm verkefnum sem snúast um að rýna nánar í listaverkin, vekja umræðu um þau og búa til sín eigin verkefni út frá þeim.

Tilgangur verkefnisins er sá að grunnskólakennarar geti nýtt sér rafræna listaverkaskrá safnsins í kennslu. Þó að upplifun á myndlist sé yfirleitt sterkust í návígi, þ.e.a.s. fyrir framan listaverk, þá gerir verkefnið kennurum og nemendum kleift að njóta listaverka Sigurjóns Ólafssonar hvar sem er á landinu. Með þeim hætti eykur safnið möguleika fólks í framtíðinni til að læra um myndlist og njóta hennar. Höfundar verkefnisins mæla eindregið með því að listaverkin séu einnig skoðuð í návígi þegar færi gefst. Verkefnið er hannað sem PDF-skjal til vinnslu á skjá eða til útprentunar í heild sinni eða að hluta til eftir því sem hentar. Allar ábendingar eru vel þegnar. Góða skemmtun.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Yngsta stig – almennar upplýsingar

Við val á listaverkum fyrir þennan aldurshóp var haft í huga að tengja þau við reynsluheim barna, forvitni þeirra um lífið og tilveruna, fjölskyldulíf og leik. Nemendur á yngsta stigi eru t.a.m. að móta sér skoðanir á eigin forsendum eða áhuga. Því er mikilvægt að bjóða upp á val – leyfa nemendum að velja sér eitt verkefni eða skipta nemendum upp í hópa. Verkefnin eru alls átta, en hvert verkefni inniheldur nokkra útfærslumöguleika sem hægt er að sniða eftir þörfum. Þau má nýta rafrænt eða prenta út.

Verkefnin eru sett fram með það að markmiði að fá nemendur til að **Skoða** ákveðna þætti í listaverkinu eða fletta því upp í listaverkaskrá Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, www.lso.is/vefskra, og þjálfar sig í að leita rafrænna

upplýsinga. Þar er hægt að skoða öll listaverk Sigurjóns með því að smella á rennilistann til vinstri á heimasíðu LSÓ. Ef nemendur eru ekki með tölvur er hægt að varpa síðunni upp og ræða verkin þannig í sameiningu. Þá er hægt að skoða skyld verk eða fleiri myndir af sama listaverki.

Í þeim hluta verkefnisins sem kallast **Skoðaðu** eru nemendur beðnir um að taka eftir atriðum í listaverkunum sem tengjast á einn eða annan hátt markmiði verkefnisins. Listinn er þó engan veginn tæmandi. Þegar börn fara að ræða sjálf um það sem þau sjá og upplifa, getur ýmislegt áhugavert komið í ljós sem hægt er að nýta áfram í umræðum. Þá er spurningum varpað fram undir fyrirsögninni **Spáð og spekúlerað** sem vekja vonandi upp frekari umræður og rýni í listaverkin. Loks er hvatt til úrvinnslu á því að skoða, spá og spekúlera með því að **Búa til ...** eða skapa. Þar er stungið upp á hugmyndum um samvinnuverkefni eða einstaklingsverkefni sem nemendur geta unnið að í tengslum við listaverkið. Best er að skoða listaverkin í návígi ef mögulegt er.

Stundum er minnst á hugtök sem vert er að skoða eins og hugtakið *lykilverk* í verkefni Y1. Það þýðir að af öllum listaverkum Sigurjóns sem hann bjó til á sinni ævi þá skiptir máli að skoða þetta listaverk, því það gefur vísbendingu um það hvernig hann vann og hugsaði sem listamaður.

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar

Forsíða Tímaróð Nafnaróð Númeraróð Mannamyndir Löpinberum söfnum

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar

Í skrá þessari er lýst öllum þrívíðum listaverkum sem vitað er með vissu að Sigurjón Ólafsson þéfi. Ekki er fjallað um teikningar Sigurjóns né málvörk. Skráning í aðalskrá safnsins hefur staðið í tvo áratugi og stuðst við sýningar skrár, blaðamæli, ljósmyndir, bréf og minnisbækur listamannsins – auk verkanna sjálfra. Birgitta Spur, Sólveig Geirsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Geirfinnur Jónsson hafa unnið að þessari skráningu. Útdráttur úr aðalskrá safnsins birtist með bókunum *Sigurjón Ólafsson - ævi og list I* og *II* ári 1998 og 1999 og er þessi netútgáfa svipuð henni nema hér hafa kostir vefnsins verið nýttir með krækjum milli mynda og fjölbreyttari uppsetningu. Auk þess hefur skráin öll verið uppfærð og verður því við haldið.

Öllum þrívíðum listaverkum Sigurjóns Ólafssonar hefur verið ætíð „LSÓ“ númer og sú venja við höfð að LSÓ 001 - LSÓ 999 1999 utan safns. Númerin munu ekki til að þau verði almennt notuð sem til.

Birting upplýsinga úr skránni er með því fyrir liggjá. Sérstaklega skal tekið fram fyrir einungis því sem skráð er í spjalda.

Starfsfélk Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
eftir Sigurjón, eða vita af þeim, á safninu viðbætur og leiðréttingar eitt þvi sem við á. Sérstaklega er bent á þann kost fyrir eigin verk Sigurjóns að fá verkið ljósmyndað og staðfest af starfsliði safnsins.

Mál eru gefin upp í cm í röðinni: hæð x breidd x dýpt

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skránni:
LSÓ Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
LI Listasafn Íslands
KKM eða KK&M Kristíanía Kunst og Metalsteberi
PE Pangolin Editions bronssteypa í Englandi

Rennilisti í listaverkaskrá

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar

Forsíða Tímaróð Nafnaróð Númeraróð Mannamyndir Löpinberum söfnum

Fótboltamenn/Football Players

Númer LSÓ 247 Ári 1936

Þróunartími 1936

gönguástandi góður/robuð

100x50x40 Eirakjeldi / DK/Ph./col. DK - Guðni og Ólafur Ó. Jóhann, góð/robuð 1997 - LSÓ

Afeygur/Casts:

- góð/robuð LSÓ - 2 eintök
- bronsskúlur/bronsur englamenn: LSÓ.1325, 2001

Heimildir/References:

- Skrifari 1936, s. 103
- Þjótt, T. Ríkisspeki, Ísland myndir 8, Reykjavík 1973, s. 190-191
- Árók LSÓ 1987/88, s. 48
- Sýningaráskrá Sigurjóns Ólafssonar Danmarks-landi 1991, s. 31, 38, 40
- Morgunblaðið 11.07.91
- DT 05.12.91
- Blauk Rasmussen: Auktionskatalog nr. 624, 1996, s. 32, íslen./photo s. 33
- Morgunblaðið 20.09.96
- Dansk skulptur i 23 år: Kaupmannahöfn 1996, s. 187
- Listok Morgunblaðsins 08.09.97
- Morgunblaðið 11.03.97
- Listok Morgunblaðsins 17.10.98
- Morgunblaðið 23.11.98, íslen./photo

Sýningar/Exhibitions:

- 1937, Sönnunusdóttir, Den Frie, Kaupmannahöfn, júní júl nr. 186
- 1937, Línara samsetningur, Den Frie, Kaupmannahöfn, 01.09-13.09 nr. 198
- 1938, Sumarsýning LSÓ, 11.07-21.08, Linnu-átti
- 1938, LSÓ, au og list: Vithúsingur, Hólaborg 21.10-23.12
- 1939, Sýning á verkum LSÓ, Listasafn Kaupmannahöfn, 17.06-11.07 nr. 2
- 1999-2000, Spor í sanden, LSÓ, 01.08.99-01.08.00
- 2001, Mál og teikningar, verk LSÓ, frá 1930-1960, LSÓ, 01.09-26.10 nr. 32
- 2001-2002, Kjartanir kvísur, Tímamótverk Sigurjóns og jóna tölva verk, LSÓ, 10.11.01-03.02 nr. 4
- 2002, Heiðinu form, Högmyndir Sigurjóns frá 45 ára tímabili, LSÓ, 08.07-02.09 nr. 16
- 2002-2003, Aðaltré myndir af afterakvörp, LSÓ, 05.10.02-30.03.03 og 01.06.03-21.08.03 nr. 11
- 2003-2004, Listaverk Sigurjóns Ólafssonar í altarabúð, LSÓ, 25.10.03-05.09.04 nr. 2
- 2005, Álfberg, gátt og lykilverk eftir Sigurjón Ólafsson, LSÓ, 05.02-04.09 nr. 1



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Bakgrunnsupplýsingar um listaverkin fyrir yngsta stig:

Öll verkefni fyrir yngsta stig eru merkt með bókstafnum Y.

Verkefni Y1 – fjallar um form, línur og lögun. Hér er kjörið tækifæri til að ræða um mismunandi línur, mjúkar línur, hvarssar línur og hlutföll. Með einföldun formanna vildi Sigurjón nálgast hugmyndaheim barna og líkja eftir teikningum þeirra. Verkið er hluti af verðlaunatillögu fyrir menningarhús barna, sem átti að byggja í Tívoli í Kaupmannahöfn til heiðurs H.C. Andersen. Sjá tímalínu árið 1938 og bókina *Sigurjón Ólafsson. Ævi og list I* (1998, bls. 104–109). Hægt er að skoða skissur eða tengd verk sem sniðugt er að láta nemendur finna í listaverkaskránni, t.d. [LSÓ 006](#), [LSÓ 026](#), [LSÓ 1171](#) og [LSÓ 1368](#).



Verkefni Y1
Börn að leik, 1938

Verkefni Y2 – fjallar um sjónarhorn. Þrívíð listaverk eins og skúlptúr, höggmyndir eða samsett listaverk búa yfir þeim eiginleika að breytast (stundum mjög mikið) eftir því hvaðan er horft á þau. Þetta sést vel í listaverkinu *Langt nef* sem er unnið úr rekaviði. Á heimasíðu [LSÓ](#) má finna myndaröð af þessu verki en myndirnar eru teknar frá ólíkum sjónarhornum. Í myndlist er gjarnan talað um primitívisma í tengslum við listaverk sem þetta. Hugtakið vísar til hugmynda um menningarheima sem þóttu fjarlægir og frumstæðir miðað við þá vestrænu og voru grímur og skurðgoð þar á meðal.



Verkefni Y2
Langt nef, 1982

Verkefni Y3 – fjallar um áferð og hreyfingu. Sigurjón hafði áhuga á því að sýna hreyfingu í kyrrstæðri höggmynd án þess að myndin færi úr jafnvægi. *Fótboltamenn* ([LSÓ 247](#)) er gott dæmi um slíka jafnvægistilraun. Hann þenur út formin og einfaldar þau um leið. Þetta listaverk er nokkuð skylt listaverkinu sem tekið er fyrir í verkefni Y1. Sjá einnig listaverkið *Glíma* frá 1933–34 ([LSÓ 002](#)) í listaverkaskránni á heimasíðu [LSÓ](#). Líklega er best að leita eftir nafnaröð.



Verkefni Y3
Fótboltamenn, 1936

Verkefni Y4 – fjallar um portrett



Verkefni Y4
Móðir mín, 1938

eða þrívíða mynd af andliti.

Andlitsmyndir Sigurjóns þykja einstakar því honum tókst að „magna helstu eðlispætti efnis og fyrirmyndar“ (*S.Ó. Ævi og list II*, 1998, bls. 75). Talið er að portrettlist hans nái hámarki í verkinu *Móðir mín* ([LSÓ 007](#)) frá 1938 því hann nær fram sterkum persónuleika hennar og útliti. Bent hefur verið á að hægt sé að skynja andlit heillar þjóðar í myndinni. Guðrún Gísladóttir (1867–1958), móðir Sigurjóns, var íslensk alþýðukona og fyrirmyndin að listaverkinu.



Verkefni Y5
Maður og kona, 1982

Verkefni Y5 – fjallar um einföldun forma og andstæður. Verkið *Maður og kona* (LSÓ 156) er unnið úr tré á síðasta æviári Sigurjóns eins og verkefni Y2. Hér er boðið upp á umfjöllun um einföldun forma, andstæður og *fundna hluti*. Þetta er hugtak úr listasögu yfir hluti sem listamaðurinn hefur fundið og síðan sýnir í öðru samhengi sem listaverk. Með litlum breytingum fá þeir nýja og táknræna merkingu. Fundnir hlutir geta verið úr náttúrunni, til dæmis steinar, skeljar eða manngerðir hlutir sem jafnvel hafa orðið fyrir hnjaski. Í verkinu eru fjórar tegundir af viði, m.a. rekaviður og tunnustafur. Verkefnið býður upp á að nemendur lýsi formum og áferð, skoði t.d. litamismun og andstæður og pari saman: dökkt:ljóst, hrjúft:slétt, maður:kona. Upplagt er að lofa nemendum að spreyta sig á að gera sín eigin verk úr *fundnum hlutum*.

Verkefni Y6 – fjallar um fjölskyldu og rými (þrívídd og framsæi).


Frumstæðu (prímítívu) áhrifin eru áberandi í verkinu *Fjölskylda* frá 1939 (LSÓ 1052). Myndin er framsæ, sem þýðir að framhliðin segir alla söguna. Hún er skorin út úr linditré, sem dökknar með árunum. Í verkinu teflir Sigurjón saman þremur uppréttum formum og gerir slíkt hið sama í listaverkinu *Þönglastríð* frá 1965 (LSÓ 037) og *Íslandsmerki* frá 1972–73 (LSÓ 1278). Hugtakið fjölskylda er tekið fyrir í verkefninu og skírskotað er til tengsla trésins við ættartré fjölskyldunnar. Gott að hafa sýnidæmi af ættartré. Listaverkið *Fjölskylda* var gjöf íslenska ríkisins til FAO, Landbúnaðar- og matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Róm (S.Ó. *Ævi og list I*, bls. 109–111).



Verkefni Y6
Fjölskylda, 1939

Verkefni Y7 – fjallar um glerblásturstækni.

Glerskreyting fyrir Landsbankann á Selfossi, 1954 (LSÓ 1129). Sigurjón var meðal fyrstu listamanna á Íslandi til að nýta sér glerblásturstækni. Verkið myndar skilvegg á milli anddyris og afgreiðslu bankans. Áður en glerið var sett upp var það ljósmyndað á svörtum grunni, en í raun er það sem er svart á ljósmyndunum gegnsætt. Myndirnar lýsa náttúrunni, vinnu við heyskap, fiskveiðum, flutningum til lands og sjávar og iðnaði. Þá má einnig skoða hvernig Sigurjón notaði ólíka miðla fyrir sama myndefni með því að bera þetta listaverk saman við veggmyndir úr koparvír (LSÓ 1097), sem hann gerði fyrir Búnaðarbankann í Austurstræti í Reykjavík 1948, síðar Arion banki.* Einnig gefst tækifæri til að velta fyrir sér þeim fjölbreyttu störfum, sem þarf að vinna, og hvernig þau hafa breyst með tímanum.



Verkefni Y7
Glerskreyting fyrir Landsbankann,
hluti úr mynd, 1954



Verkefni Y8
Surtur, 1968

Verkefni Y8 – fjallar um náttúrukraft.

Sigurjón hóf að móta og sjóða kopar- og látúnsplötur í kringum 1964 og varð málmur hans helsti efniviður í listsköpun næstu tíu árin. *Surtur* (LSÓ 042) er eitt þeirra verka sem vísa í náttúruöflin. Nöfn annarra verka gefa vísendingar um náttúrutengingar eins og *Sólstafir* (LSÓ 1227), *Gróandi* (LSÓ 036) og *Hringrás* (LSÓ 1198). Uppistaða í listaverkinu er dökkur trékubbur þakinn hárbeyttum látúns- og koparplötum sem teygja sig út í rýmið. Myndina gerði Sigurjón undir áhrifum frá gosinu í Surtsey sunnan við Vestmannaeyjar. Gosið stóð samfleytt í fjögur ár (1963–67). Surtur í norrænni goðafræði táknar eldjötun sem veldur eldgosu. Hann ríður um jörðina ásamt Múspellssonum með glóandi sverð og brennir jörðina.

*Verkið var flutt 2014 vegna lokunar útibús Arion banka. Ný staðsetning er óákveðin.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Upplýsingapakki

8 verkefni bls. 24–31

Miðstig M upplýsingar bls. 7

bls. 7–10

Bakgrunnsupplýsingar um listaverk
valin fyrir miðstig bls. 8–10

Miðstig – almennar upplýsingar

Fyrir þennan aldurshóp voru aðallega valin útlistaverk. Það gefur tilefni til að vinna verkefni um gildi myndlistar í samfélaginu og fjalla um tilgang safna. Til hvers eru minnisvarðar? Af hverju er mikilvægt að varðveita listaverk fyrir komandi kynslóðir? Verkefnin eru alls átta en hvert verkefni býður upp á nokkra útfærslumöguleika sem hægt er að sniða að þörfum nemenda. Markmiðið er að fá nemendur til nota listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ og finna viðkomandi listaverk, skyld verk eða skoða ljósmyndaraðir af verkunum frá mörgum sjónarhornum. Þar er hægt að skoða öll listaverk Sigurjóns með því að smella á rennilistann til vinstri á heimasíðu LSÓ. Verkefnin eru einnig sett fram til að fá nemendur til að **Skoða** afmarkaða þætti og afla sér upplýsinga í rafrænum leitarkerfum, t.d. um staðsetningu verkanna út um borg og bý með aðstoð listaverkaskrár á www.lso.is og Google-kort (www.google.is/maps). Sem dæmi er listaverkið *Íslandsmerki* staðsett við Hagatorg í Reykjavík. Hægt er að skoða það á Google-korti eða fara inn á www.timarit.is og finna umfjöllun sem vísað er til í listaverkaskránni eins og grein sem birtist í *Morgunblaðinu* **24. júní 1994 á bls. 19**. Best er auðvitað að skoða listaverkin í raun og sanni, ganga í kringum þau, skoða og skynja.

Í þeim hluta verkefnisins sem heitir **Skoðaðu** eru nemendur beðnir um að taka eftir atriðum í listaverkunum sem tengjast á einn eða annan hátt markmiði verkefnisins. Listinn er þó engan veginn tæmandi. Þá er spurningum varpað fram undir fyrirsögninni **Spáð og spekúlerað** sem vekja mögulega upp frekari umræður og rýni í listaverkið. Loks er hvatt til úrvinnslu með því að **Búa til ...** eða skapa. Þar er stungið upp á hugmyndum um samvinnuverkefni eða einstaklingsverkefni sem nemendur geta unnið í tengslum við listaverkið sem er til umfjöllunar.

Stundum er minnst á hugtök eða tengingar sem vert er að skoða.

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar					
Kort	Tíðaral	Íslenska	Númeraskrá	Markmið	Lausnir
	1972-73 LSÓ 1278	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73
	1972-73 LSÓ 1278	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73
	1972-73 LSÓ 1278	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73
	1972-73 LSÓ 1278	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73
	1972-73 LSÓ 1278	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73	Íslandsmerki (Öðinn situr að tafi)/Emblem of Iceland	1972-73



Bakgrunnsupplýsingar um listaverkin fyrir miðstig:

Öll verkefni fyrir miðstig eru merkt með bókstafnum M.

Verkefni M1 – fjallar um Íslandsmerki og ljóð. Árið 1969 var Sigurjóni falið að búa til minnismerki um stofnun lýðveldisins 1944. Sigurjón hafði lokið listaverkinu 1973, en stytturnar voru ekki reistar á Hagatorgi í Reykjavík fyrr en 1977. Fullt heiti verksins er *Minnismerki um stofnun lýðveldis á Íslandi 1944* en yfirleitt er talað um *Íslandsmerki* (LSÓ 1278). Listaverkið er úr koparplötum og samanstendur af súluþyrpingum sem minna á forngrískar súlur. Ljóðskáldið Hans Mølbjerg sá súlurnar sem taflmenn og ljóð hans *Skák í bronsi*, þýtt af Thor Vilhjálmssyni, er til umfjöllunar í verkefninu. Súlurnar eru framsæjar og hafa nánast mannlegt yfirbragð, þar sem hver og ein hefur sín sérkenni. Þær mynda hóp, fjölskyldu eða samfélag, þar sem áhrifamáttur felst í því að vera hluti af heild (*S.Ó. Ævi og list II*, 1999, bls. 125–127). Hér er gott að skoða merkingu orðsins framsæi og kanna hvort súlurnar snúa allar í sömu átt.



Verkefni M1
Íslandsmerki, 1972–73

Verkefni M2 – fjallar um grímur og andstæðupör.

Sigurjón hafði mikið dálæti á sterku myndmáli fornra menningarþjóða eins og Egypta og Grikkja. Í upphafi 20. aldar leituðu listamenn, t.a.m. Picasso, fanga í list „frumstæðra“ þjóða, og gríman var mjög mikilvægt mótív í verkum margra listamanna, sem kenndir hafa verið við móðernisma ([sjá skilgreiningu hér](#)). Í grímunni sáu þeir leið til að lýsa sterkum tilfinningum í verkum sínum. Gríman er ævafornt fyrirbæri og hefur verið notuð víða um heim í trúariðkun og til að ná sambandi við yfirnáttúruleg öfl. Gríman er einnig verkfæri leikara og hér gerð að táknmynd leiklistar, þar sem listaverkið stendur við Borgarleikhúsið í Reykjavík. Í verkefninu er skoðað hvernig gríma er notuð sem táknmynd út frá andstæðupörum og -hugtökum og hvernig hún er notuð sem verkfæri til að skerpa á ólíkum hlutverkum. Stækkuð útgáfa af listaverkinu *Gríma* (LSÓ 011) var reist hjá Borgarleikhúsinu í Reykjavík árið 1995 (LSÓ 1092).



Verkefni M2
Gríma, 1947

Verkefni M3 – fjallar um að virkja rými og þyngdarpunkta. Um 1965

hóf Sigurjón að vinna verk úr koparplötum. Mörg verka hans voru gerð á þennan hátt svo sem *Öndvegissúlur* (LSÓ 1269) og *Hávaðatröll* (LSÓ 1243) við Búrfellsstöð. Árið 1969 gerði Sigurjón lítið módel í tré, *Holskeflu* (LSÓ 1262), sem var stækkað upp í 3,4 metra, unnið úr koparplötum og reist í Reykjanesbæ þar sem áður var starfrækt félagsheimilið Stapinn sem hefur umbreynt í Menningarmiðstöðina Hljómahöll þar sem nú er [Rokksafn Íslands](#). Listaverkið stendur á háum stöpli og er mótað úr fjórum eins bogalaga formum. Ef formin væru sett saman þá mynduðu þau hring. Þetta er eitt af fáum verkum þar sem Sigurjón notast við geómetrisk form. Í verkefninu er virkjun rýmis skoðuð og hvernig því lístaverk leika á mismunandi hátt á rýmið. Þau geta myndað innra rými en önnur virkja ytra rýmið. Nemendur geta skoðað listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ og fundið önnur verk sem búa yfir þessum sérkennum eins og *Staðarmerki* (LSÓ 031) og *Sólstafi* (LSÓ 1227) sem virkjar ytra rými eða *Höfuðáttir* (LSÓ 1214) og *Samstæðu* (LSÓ 068) sem virkja innra rými. Einnig geta nemendurnir reynt að búa til listaverk sem hefur svipaða eiginleika.



Verkefni M3
Holskefla, 1970–71

M

Upplýsingapakki – fyrir kennara – miðstig

M



Verkefni M4
Faðmlög, 1949

Verkefni M4 – fjallar um kveikju að höggmynd og mikilvæg málefni. Listaverkið *Faðmlög* (LSÓ 1102) vísar í stjórn málaumræðu á þeim tíma sem Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu. Tilgangur bandalagsins var sá að öll ríki innan þess stæðu saman og veittu hvert öðru hernaðar- aðstoð. Listaverkið *Faðmlög* kallaði Sigurjón stundum NATO sem er enska skammstöfunin á bandalaginu. Listaverkið er úr íslensku grágrýti, tveir metrar á hæð, með beinum hliðum og hvössum brúnum. Skoðið hvernig formin snúast utan um figúrur í miðju verksins og hvernig fangbrögð og fótastellingar koma fram. Í verkum listamanna fléttast oft saman pólitískar skoðanir og persónulegar tilfinningar. Í verkefninu er ætlunin að höfða til nemenda um eitthvert málefni eða áhugamál sem þeim finnst mikilvægt að fjallað sé um. Það mætti nota verkefnið í umræðuhópa um hugtakið sjálfbær þróun og með hvaða hætti er hægt að hafa sjálfur áhrif á framtíðina.

Verkefni M5 – fjallar um táknræna mynd fyrir vöxt, blómgun og þroska. *Blómgun* (LSÓ 097) á það sameiginlegt með listaverkinu *Holskeflu* (LSÓ 1262) að fjalla um fyrirbæri í náttúrunni sem kemur fram í nafni listaverksins. Bæði eru verkin mótuð úr einföldum og endurteknum formum. Bogarnir í *Blómgun* minna á boga í kirkjum í gotneskum stíl eða krónublöð á túlípana, og fá þannig táknræna merkingu. Bogarnir virkja innra rými verksins líkt og í *Holskeflu*. Nemendur geta velt fyrir sér hvernig hægt er að búa til listaverk úr grunnformum sem vísa í náttúruna og eru táknræn fyrir vöxt. Stækkuð útgáfa af listaverkinu er við Menntaskólann við Sund í Reykjavík.

Verkefni M6 – fjallar um myndræna frásögn. Sigurjón gerir lágmyndina *Saltfiskstöflun* (LSÓ 1034) áður en hann lýkur prófi úr myndhöggvaradeild Konunglega listaháskólans í Kaupmannahöfn 1934–35. Trúr uppruna sínum lýsir Sigurjón þessum vinnandi konum sem venjulegum hversdagskonum. Hann einfaldar byggingu myndarinnar svo hún verði áhrifameiri úr fjarlægð. Hér er tækifæri til að skoða hvernig Sigurjón einfaldar öll form nema í stöku útærslu á klæðafellingum eða hári. Hægt er að bera saman t.d. listaverkin *Maður með kind* (LSÓ 1035) og *Móðir með barn* (LSÓ 1039).



Verkefni M6
Saltfiskstöflun, 1934–35



Verkefni M5
Blómgun, 1978



Verkefni M7
Séra Friðrik, 1943



Verkefni M7
Séra Friðrik, 1952



Verkefni M8
Klyfjapestur, 1959–63



Verkefni M8 – samanburður við
riddarastyttu Bertels Thorvaldsen.



M

Verkefni M7 – fjallar um fyrirmynd og persónulýsingu. Séra Friðrik hafði mikla persónutöfra og var virtur og dáður af samferðamönnum sínum, enda er styttnan við Lækjargötu kostuð af velunnurum hans. Sigurjón kynntist séra Friðriki sem unglingur og þegar leiðir þeirra lágu saman í Kaupmannahöfn árið 1943 gerði hann af honum andlitsmynd. Styttnan við Lækjargötu í Reykjavík sýnir æskulýðsleiðtogann sitjandi með ungling sér við hlið ([LSÓ 1120](#)). Persónulýsingin á séra Friðriki er raunsæ, og myndin í senn stórbrotin og innileg. Unglingurinn er aftur á móti mjög stílfærður og eins konar tákngervingur allra drengja. Áhugavert er að bera andlit drengsins saman við portrett af *Birgittu Spur* ([LSÓ 017](#)). Það sýnir hvernig hægt er að ná svipsterkri persónu með fáum línunum og einföldum formum.

Verkefnið felst í því að skoða og bera saman portrettmýnd af séra Friðriki frá 1943 ([LSÓ 1071](#)), sem var gerð í raunstærð, og styttuna af honum með drengnum. Hvað er ólíkt í hlutföllum forma þegar gerð er andlitsmynd af manneskju í yfirstærð og raunstærð? Formin verða t.a.m. stærri og línur dýpri. Þá er lagt til að búin sé til andlitsmynd af manneskju sem er góð fyrirmynd.

Upplýsingar um Séra Friðrik:
Séra Friðrik Friðriksson (1868–1961) las læknisfræði, latínu og málfræði við Hafnarháskóla og lauk prófi í guðfræði frá Prestaskólanum árið 1900. Séra Friðrik stofnaði KFUM á Íslandi árið 1899 og var leiðtogi félagsins um langt skeið. Hann orti og þýddi fjölmarga sálma, ljóð og sögur handa drengjum.

Verkefni M8 – fjallar um frásögn af folaldsmeri og riddarahesti.

Í tilefni af fimmtugsafmæli Sigurjóns 1958 fól Reykjavíkurborg honum að gera minnisvarða um *Klyfjapestinn* sem sett var upp á Hlemmtorgi í Reykjavík árið 2005 þar sem áður var vatnspró og áningarstaður. Um aldir hafði Eyrarbakki verið stærsti verslunarstaður á Suðurlandi og allt fram á 20. öld komu bændur um langan veg með hesta sína, klyfjaða ýmsum varningi. Sigurjón setti folald við hlið merarinnar, bæði til að skapa jafnvægi í myndbyggingunni og til að ítreka að fátækur bóndi gæti neyðst til að senda folaldsmerina sína í langa kaupstaðarferð. Forvitnilegt getur verið að bera saman skissu af klyfjapesti ([LSÓ 1144](#)) við styttuna *Klyfjapestur* ([LSÓ 1167](#)). Einnig mætti bera saman *Konu í söðli* frá 1951 ([LSÓ 1108](#)) með tilliti til jafnvægis og stíls. Verkefnið felst þó í að skoða mismunandi útfærslur af listaverkum sem þessum, bæði eftir Sigurjón og riddarastyttur frá fyrri öldum. Munurinn felst m.a. í því að hér er þarfasti þjónn mannsins, hesturinn, folaldsmeri í stað gæðings sem er dæmigert stöðutákn fyrir riddara eða stríðshetjur erlendis. Dæmi er tekið af styttnu sem Bertel Thorvaldsen gerði 1826–27 af [Józef Poniatowski](#) (A123).

Hér er upplagt að samnýta verkefnið með dönsku- eða enskukennslu og fletta upp á heimasíðu safnsins www.thorvaldsensmuseum.dk á tveimur tungumálum, [[lensku](#)] og [[dönsku](#)]. Þessi samanburður vekur eflaust upp ýmsar spurningar um ólík samfélög, fátækt og ríkidæmi sem mætti tengja við sögu eða samfélagsfræði.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Efsta stig – almennar upplýsingar

Við val á listaverkum fyrir þennan aldurshóp var haft í huga að tengja þau ólíkum vinnuáferðum og nálgun Sigurjóns á 50 ára tímabili. Einnig er lögð áhersla á að tengja listaverkin við evrópska listasögu þegar við á. Meiri áhersla er lögð á umræður um listaverkin og vangaveltur út frá þeim en einnig boðið upp á tillögur að praktískum verkefnum. Þau eru opnari en verkefnin fyrir yngsta stig og miðstig og því auðvelt að aðlaga þau eftir þörfum.

Nemendur á efsta stigi eru væntanlega í myndlistarvali og því áhugasamari um myndlist en ella og vonandi forvitnir um aðferðir myndhöggvara og myndlistarmanna.

Grunnatriði eins og að móta í leir (additíf aðferð) eða að taka efni í burtu (súbtraktíf aðferð), t.d. þegar höggvið er í stein eða skorið í tré, skiptir öllu máli hvað varðar endanlega útkomu listaverksins. Dæmi um þetta er verkefni E4. Það er mjög mikilvægt að nemendur læri að greina hvor aðferðin er notuð þegar rýnt er í þrívíð listaverk.



Sigurjón gerði fleiri veggmyndir en nokkur annar íslenskur listamaður. **Búrfellsvirkjun, 1966–69.** Listaverkið er 66,8 m á lengd, 5 m á hæð og þekur 334 fermetra.

Mikilvægt er að bjóða nemendum upp á val – leyfa þeim að velja sér eitt verkefni eða skipta þeim upp í hópa. Verkefnin eru níu talsins en hvert verkefni inniheldur nokkra útfærslumöguleika sem hægt er að sníða að þörfum bekkjarins. Verkefnin eru sett fram með það að markmiði að fá nemendur til að **Skoða** ákveðna þætti í listaverkunum eða fletta upp í listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ. Þá er spurningum varpað fram undir fyrisögninni **Spáð og spekulerað** sem er ætlað að vekja upp frekari umræður og rýni í listaverkin. Loks er hvatt til úrvinnslu á því að skoða, spá og spekulera með því að **Búa til ...** eða skapa. Þar er stungið upp á hugmyndum um samvinnuverkefni eða einstaklingsverkefni sem nemendur geta unnið að í tengslum við listaverkin.


Stundum er minnst á hugtök sem vert er að skoða eins og hugtökin *myndræn hreyfing* í verkefni E6 og *andstæður/samstæður* í verkefni E8. Hugtökin gefa vísbendingu um það hvernig Sigurjón vann og hugsaði sem listamaður.



Bakgrunnsupplýsingar um listaverkin fyrir efsta stig:

Öll verkefni fyrir efsta stig eru merkt með bókstafnum E.

Verkefni E1 – fjallar um vöðva- og beinabyggingu. Sigurjón hlaut gullverðlaun Konunglega listaháskólans í Kaupmannahöfn 1930 fyrir myndina *Verkamaður* (LSÓ 1017) sem nú er í eigu Listasafns Íslands. Sem viðfangsefni er hann frábrugðinn afsteypum af klassískum höggmyndum sem notaðar voru sem fyrirmyndir í listaháskólum. Höggmyndir hjá Grikkjum og Rómverjum til forna sýndu mannlíkamann á upphafinn hátt en hér er áhersla lögð á vöðvastælingu í gegnum átök og vinnu í anda svokallaðs félagslegs raunsæis (e. *social realism*). Sigurjón tekur þetta upp á fjórða áratugnum í nokkrum listaverkum af verkamönnum mótuðum í gifs, sem eru talin glötuð (S.Ó. *Ævi og list I*, bls. 69–70). Verkið sýnir hvað Sigurjón hafði öðlast góð tök á undirstöðuatriðum í vöðva- og beinabyggingu líkamans (anatómíu). Verkefnið felur í sér að skoða annars vegar anatómíu-netsíður og hins vegar að skoða teikningar í þessa veru eftir hinn heimspekta lista- og vísindamann Leonardo da Vinci.




Verkefni E1
Verkamaður, 1930

Verkefni E2 – fjallar um ólík sjónarhorn og athöfn. Meðan Sigurjón dvaldi í Danmörku vann hann stórar höggmyndir úr graníti. Eftir heimkomuna til Íslands hóf hann að vinna í grágrýti. Þessi efniviður gaf honum svigrúm til að þróa nýjar hugmyndir – nýtt myndmál. Grágrýtið er ekki hentugt fyrir smáatriði á sama hátt og marmari og harðari steintegundir (s.s. gabbró, granít eða blágrýti). Sigurjón þreifaði sig áfram og stundum hjó hann dýpra inn í massann og opnaði hann eins og í verkinu *Kona úr baði* (LSÓ 013). Í verkefninu er minnst á grísku ástargyðjuna Afróditu sem Rómverjar nefndu Venus. Sú gyðja var fædd úr sjávarlöðri og kallast stundum Andýómene (sú sem reis úr löðrinu). Hér er ákveðin tenging við athöfnina að baða sig og goðsöguna um Venus sem stigur „fullsköpuð“ og fögur úr hafi. Verkefnið felst í því að búa til listaverk af athöfn eins og að fara í bað, sund eða krjúpa á bæn. Lagt er til að móta úr mismunandi efni.



Verkefni E2
Kona úr baði, 1948

Verkefni E3 – felst í áferð, einföldun forma og ævisporum. Sigurjón nefndi síðasta verk sitt *Spor í sandinn* (LSÓ 160). Listaverkið er unnið í eikarfleka og útlínurnar sýna ummál og form trjábolsins. Á hvora hlið um sig eru „teiknuð“ punktalínuform í viðinn með borvél og þannig er birtu hleypt í gegnum flekann. Fyrir miðju eru frumtákn fyrir lífverur hjá eggлага formi, en þær koma fyrir í mörgum verkum Sigurjóns sem tákn frjósemi. Myndflöturinn minnir í senn á svartan sandinn, sem var fyrsta teikniblokk Sigurjóns, og glampanði hafið. Á myndfletinum eru fótspor sem taka ólíkar stefnur; þau koma og fara út úr verkinu, sem gefur til kynna að eitthvað var á undan og eitthvað kemur á eftir þessu mynd- eða æviskeiði. Þetta er eins konar samantekt um ævi listamannsins. Verkefnið felst í gera sín eigin ævispor táknræn.



Verkefni E3
Spor í sandinn, 1982



Verkefni E4
Sigurður Nordal, 1946

Verkefni E4 – felst í að bæta við og taka efni í burtu. Andlitsmyndir (portrett) Sigurjóns eru einstakar í evrópskri þrívíddarlist, bæði fyrir listrænt inntak og fjölbreytni. Sigurjón mótaði yfir 200 andlitsmyndir um ævina. Ef tók eru á því, er mælt með að nemendur skoði 17 mínútna langt DVD-myndband um portrettlist Sigurjóns sem LSÓ hefur gefið út og er fánlegt í safninu eða hægt að fá sent. Grásteinsmyndina af Sigurði Nordal (LSÓ 1086), prófessor, gerði Sigurjón að eigin frumkvæði eftir að hann hafði lokið við að móta andlitsmynd af honum í leir og gífs (LSÓ 1085). Að móta í leir eða höggva í stein eru mjög ólíkar aðferðir. Þegar unnið er í stein fjarlægir maður efni þangað til hið endanlega form er komið fram, þetta er kallað súbtraktíf aðferð (að taka frá). Mótun í leir kallast additíf aðferð (að bæta við), þá er byrjað innst og leirinn hlaðinn utan á. Verkefnið fjallar um þetta atriði og samanburð á tveimur listaverkum af sama manni. Með því að skoða vef Árnastofnunar er hægt að fræðast um ævi og störf Sigurðar Nordals. Sjá: www.arnastofnun.is



Verkefni E5
Svava Ágústsdóttir, 1964

Verkefni E5 – fjallar um svipbrigði og að finna börnin hennar Svövu. Listaverkið *Svava Ágústsdóttir* (LSÓ 033) var fyrst mótað í leir. Leirmódel eru stundum styrkt, t.d. með járni í miðju eða tré sem vafið er dagblöðum eða tuskum og leir hlaðið utan á það þannig að kjarni myndast. Leirinn er mótaður með additífri aðferð (bætt við), þá er byrjað innst og leirnum hlaðið utan á þar til viðunandi form er fengið. Hægt er að brenna leirinn og þá er verkið tilbúið sem slíkt eða gera gífsafsteypu af andlitsmyndinni. Þá fyrst er mögulegt að láta gera bronsafsteypu. Hér er hægt að sjá dæmi frá fyrirtæki sem steypir í brons. Sjá nánar: www.shellcasting.dk/en/video-shorts/. Aðalsérkenni myndarinnar er hvernig mjúkur leirinn er svo fast mótaður eða þjappaður að myndin virðist vera unnin í stein. Hér koma skýrt fram næm handtök listamannsins við að útfæra hárfín tilbrigði í andlitsdráttum fyrirsætunnar. Höfuðstilling og prófill Svövu gera að verkum að myndin á margt skylt við eina af frægustu drottningarmyndum listasögunnar, af Nefertiti sem var æðsta eiginkona egypska faraósins. Sjá nánar: www.en.wikipedia.org/wiki/Nefertiti. Upplýsingarnar eru á ensku og því upplagt að samþætta verkefnið við enskukennslu. Svava var tíu barna móðir og verkefnið felst í því að finna verk af börnunum og mannum hennar. Sigurjón gerði lágmyndir af öllum börnunum sem steypar voru í brons eins og sést í listaverkaskrá safnsins.



Verkefni E6
Dansinn, 1975

Verkefni E6 – fjallar um myndræna hreyfingu og mismunandi línur. Í kringum 1975 var tré orðið helsta uppistaðan í listaverkum Sigurjóns. Síðustu þrjú ár ævi sinnar gerði hann sextíu og þrjár trémyndir, ýmist úr rekaviði eða þurrkuðum viði. Lágmyndina *Dansinn* (LSÓ 1291) skar hann út í mahóni og árið 1978 gerði hann lágmyndina *Baráttan um fjöreggið* (LSÓ 098). Í báðum verkum er mikil hreyfing og hraði. Í *Dansinum* eru línurnar mýkri og sveigjanlegri enda myndin unnin með sporjárnri og ber þess merki. Í *Baráttunni um fjöreggið* eru formin og línurnar harðari og hvassari. Sigurjón notaði sama mótív og í *Dansinum* á minnispening sem tákn fyrir Færeyjar í röð norrænna minnispeninga (LSÓ 1306). Velta má fyrir sér hvort þar sé vísun í vikivaka. Spurning hvort nýta mætti verkið sem innblástur til að búa til vikivaka-spor eða myndasögu um dans!





Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Verkefni E7 – fjallar um samspil ljóss og skugga. Sigurjón gerði fleiri veggmyndir en nokkur annar íslenskur listamaður. Stærst þeirra er lágmynd á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar (sjá mynd á bls. 11). Við gerð verksins beitti Sigurjón nýstárlegri tækni, sem aldrei hafði verið reynd áður á Íslandi. Hann skar út mót fyrir veggmyndirnar í frauðplastplötur, sem síðan voru límdar á steypumótin. Með þessum hætti varð listskreytingin hluti af steypu hússins. Hann notaði sömu aðferð við gerð fjórtán veggmynda á Sundaborg (LSÓ 1274) við Kleppsveg í Reykjavík. Listaverkið *Sköpun* (LSÓ 072) varð til á sama hátt, úr frauðplasti. Sigurjón var sjálfur hættur að vinna í stein en Erlingur Jónsson, aðstoðarmaður hans til margra ára, hjó listaverkið í stein árið 1988. Það er staðsett innandyra í Laugarnesi við anddyri safnsins. Verkefnið felst í því að búa til ljósakassa og skoða þannig áhrif ljóss og skugga á form. Hægt er að ræða um jákvæð (pósitív) og neikvæð (negatív) form út frá verkunum og einnig bera þau saman við hljóð og þögn í tónlist – hvort um sig getur ekki án hins verið.

Verkefni E7
Sköpun, 1976 (1988)

Verkefni E8 – fjallar um að skoða andstæður og samstæður. Listaverkið *Maður og kona* (LSÓ 1054) er merkasta trémynd Sigurjóns frá árunum í Danmörku og tryggði það honum varanlegan sess í danskri nútíma höggmyndalist. Verkið þótti svo framsækið að það var útilokað frá sýningu á Charlottenborg vorið 1940 en var hins vegar sýnt á frægri sýningu framúrstefnulistamanna, svokallaðri Tjaldsýningu, árið 1941, þar sem Svavar Guðnason (1909–1988) var einnig þátttakandi. Sigurjón taldi sjálfur myndina vera fyrsta abstraktverk sitt. Í dag tilheyrir það listasafninu KUNSTEN í Álaborg. Karlmaðurinn, sem hann túlkar í myndinni sem sterka kjölfestu, er gerður úr grófhöggvinni eik, en konan svífur lárétt og léttilega yfir manninum. Konan er aftur á móti gerð úr linditré og öll form mjúk og slétt. Þarna teflir Sigurjón saman sterkum andstæðum sem hann gerði gjarnan þegar hann vann með ólíkan efnivið í sama verki. Svipaða myndbyggingu má sjá í öðrum verkum; slík dæmi eru *Tískan* (LSÓ 110), *Hvöld* (LSÓ 1340) og *Tréhnútur* (LSÓ 152). Sjá nánar: *S.Ó. Ævi og list II*, bls. 160–161. Verkefnið felst í því að búa til lítinn skúlptúr þar sem andstæðum er teflt saman.

Verkefni E8
Maður og kona, 1939

Verkefni E9 – aukaverkefni – felst í að búa til mannlýsingu úr orðum. Fyrir þessa mynd fékk Sigurjón Eckersberg-verðlaunin 1939. Sigurjón taldi nauðsynlegt að hafa heildarmynd í huga þegar gert er portrett af manneskju. Einnig fannst honum mikilvægt að spjalla við fyrirsætur sínar og jafnvel stríða þeim örlítið til að fá fram viðbrögð. Það var einmitt það sem hann gerði við móður sína sem fannst sú hugmynd að láta gera mynd af sér hin mesta vitleysa og fjarstæða, enda nennti hún eiginlega ekki að sitja fyrir hjá honum. Sigurjón þurfti að halda henni við efnið með spjalli. Til að fá viðbrögð þá talaði hann um Stalín, sem hún hataðist við. Sigurjón var laginn við að ná til fólks og lesa í svipbrigði þess; hann þurfti líka að rýna í hrukkur, því þær kalla fram svipbrigði og skugga í andliti fólks. Móðir Sigurjóns var aldamótakona og afar vinnusöm og sterk, enda ber portrettið ákveðið fas sem er verkefni fyrir nemendur að lesa úr. Mælst er til þess að nemendur búi til mannlýsingu úr orðum út frá þessu listaverki.

Verkefni E9 (sjá einnig Y4)
Móðir mín, 1938



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík
Sími: 553 2906 • netfang: lso@lso.is

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Heimildir

- Aðalsteinn Ingólfsson og Lise Funder (1998). *Sigurjón Ólafsson. Ævi og list I*. Birgitta Spur (ritstj.). Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Reykjavík: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
- Aðalsteinn Ingólfsson (1999). *Sigurjón Ólafsson. Ævi og list II*. Birgitta Spur (ritstj.). Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Reykjavík: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
- AlmaDís Kristinsdóttir (2014). Learning Moments: Museum Education and Families. *10 Must Reads: Learning, Engaging, Enriching*. Edinburgh: MuseumsEtc. Bls. 140–156.
- AlmaDís Kristinsdóttir (2011a). Learning Moments: Museum Education and Families. *Museums at Play. Games, Interaction and Learning*. Katy Beale (ritstj.). Edinburgh: MuseumsEtc. Bls. 180–192.
- AlmaDís Kristinsdóttir (2011b). Menntunarhlutverk safna: Máttleysi og/eða möguleikar. Þjóðarspejillinn 2011. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum XII. Félags- og mannvísindadeild*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Bls. 15–21.
- AlmaDís Kristinsdóttir (2010). Safnfræðsla: staða og (ó)möguleikar. *Ritið*, 1. Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Helga Lára Þorsteinsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Bls. 135–161.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinasvið 2013*. Reykjavík: MMR.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2010). *Sameiginlegur hluti aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla*. Reykjavík: MMR.
- Menntamálaráðuneytið (2007). *Aðalnámskrár grunnskóla: Listgreinar*. Reykjavík: MMR.
- Safnaráð (2007). *Fræðsla fyrir alla – Menntunarhlutverk safna, staða og stefna (I. hluti)*. Reykjavík: MMR.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Börn að leik, 1938

<http://www.lso.is/vefskra/206.htm>

Verkefni Y1 – Börn að leik

Skoðaðu Börn að leik

Heiti listaverks er kallað titill. Þetta listaverk hefur titilinn *Börn að leik* og er eitt af **lykilverkum** Sigurjóns Ólafssonar.

Taktu eftir hvað formin eru einföld og línurnar mjúkar. Taktu líka eftir hlutföllunum í listaverkinu. Sérðu móta fyrir mjöðmum, maga eða hnjám? Sér maður hvort þetta eru stelpur eða strákar?

Skoðaðu formin sem eru ljós og bakgrunn listaverksins.

Spáð og spekúlerað

- Hvað gefur til kynna að börnin séu að leika sér?
- Eru krakkar svona í laginu?
- Hvernig ætli beinagrind í svona líkama myndi líta út?
- Hvað er lykilverk?
- Getur þú fundið skissu úr öðru efni að þessu verki í listaverkaskránni?

Búðu til ...

Prófaðu að teikna útlínur formanna frihendis eða með því að leggja gagnsæjan pappír yfir myndina og draga í gegn.

Prófaðu að teikna útlínurnar misþykkar og jafnvel klippa formin út úr dökkum pappír og líma á ljósan bakgrunn. Breytist myndin við þetta?

Hvað með að teikna útlínur hvert annars í bekknum á risastórt blað? Hvernig er einfaldasta leiðin til að teikna manneskju? Óli prik?

verkefni 1 af 8
yngsta stig



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Langt nef, 1982

<http://www.lso.is/vefskra/157.htm>

Verkefni Y2 – Langt nef

Skoðaðu Langt nef

Taktu eftir áferðinni á listaverkinu. Af hverju stafar þessi áferð eða mynstur? Taktu eftir því hvernig ljós og skuggi breyta listaverkinu eftir því frá hvaða sjónarhorni ljósmyndin er tekin eða listaverkið skoðað. Skúlptúrar hafa mörg sjónarhorn af því að þeir eru þrívíðir. Ef þú teiknar eða tekur mynd af þrívíðu listaverki eins og þessu þá ert þú að búa til tvívíða útgáfu af því.

Spáð og spekúlerað

- Hvað þýðir að „gefa einhverjum langt nef“?
- Hver er munurinn á rekaviði og keyptum spýtum?
- Hvað er sjónarhorn? Hvað er skúlptúr?

Búðu til ...

Safnaðu dóti sem á að endurvinnna og sjáðu hvort þú getir búið til skúlptúr (þrívítt listaverk) úr því.

Prófaðu að búa til andlit úr efniviðnum sem þú hefur safnað.

Trékubbar, dósir, pappír, vír, lím og málning gætu komið að gagni við úrvinnslu á þessu verkefni.

Veldu þér orðatiltæki og búðu til listaverk sem lýsir því eins og „að gefa einhverjum langt nef“ sem á við um þetta listaverk.

verkefni 2 af 8
yngsta stig



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Fótoltamenn, 1936

<http://www.lso.is/vefskra/247.htm>

Skoðaðu Fótoltamenn

Taktu eftir áferðinni á listaverkinu eins og það birtist hér á myndinni. Úr hvaða efni ætli þetta listaverk sé? Ætli það sé hart eða mjúkt? Finndu *Fótoltamenn* (LSÓ 247) í listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ og skoðaðu hvort þú finnur aðra útgáfu (LSÓ 1374) sem er útilistaverk. Hvar á landinu er það? Af hverju ætli þessi staður hafi verið valinn fyrir listaverkið? Taktu eftir því hvernig fótoltamennirnir eru staðsettir á ská hvor við annan. Þegar maður setur línu eða hlut á ská í listaverki þá skapast hreyfing í því.

Spáð og spekúlerað

- Af hverju glansar þetta listaverk?
- Hvað eru margir fótoltamenn í listaverkinu?
- Af hverju ætli hendurnar séu útréttar?
- Hvernig skapar maður hreyfingu í listaverki sem er kyrrt?

Búðu til ...

Búðu til lista yfir mismunandi efni og áferð sem þú hefur snert. Þar gæti til dæmis verið mjúkur fjörusteinn eða hrjúft hraun. Gler er með mjög sléttu áferð en kannski ekki viður nema það sé búið að slípa hann til og lakka.

Búðu til lítinn fótolta, t.d. úr leir, og gerðu tilraun með mismunandi áferð á mynstrinu í honum, þ.e. formunum sem oft eru ólík á litinn á venjulegum fótolta. Úr hvaða efni eru fótoltar? Úr hvaða efni eru verðlaunagripir fyrir góðan árangur í fótolta?



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Móðir mín, 1938

<http://www.lso.is/vefskra/007.htm>

Skoðaðu listaverkið Móðir mín

Hér er andlitsmynd af móður Sigurjóns Ólafssonar sem hét Guðrún Gísladóttir. Taktu eftir skothúfunni sem hún er með á höfðinu og fléttunum. Taktu líka eftir svipbrigðunum í andlitinu. Það er ekki bara ytra útlitið sem skiptir máli í góðri andlitsmynd heldur það að ná fram persónueinkennum viðkomandi manneskju. Sigurjón var snillingur í að ná fram þessu tvennu. Skoðaðu myndaröðina af þessu verki í listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ. Listaverkið er fyrst mótað í jarðleir, síðan steipt í gips og að lokum í varanlegt efni eins og brons. Skoðaðu gipsmyndina og berðu saman við bronsmyndina í listaverkaskránni.

Spáð og spekúlerað

- Á hvaða aldri telur þú að mamma Sigurjóns sé á þessari mynd?
- Taktu eftir því hvað hliðar andlitsins eru ólíkar.
- Skoðaðu hárgreiðslu Guðrúnar og höfuðfat. Hvers konar höfuðfat er hún með? Hefur þú séð svona áður og þá hvar?

Búðu til ...

Horfðu vel og lengi í spegil og kannaðu hvort báðar hliðar á andlitinu þínu séu eins. Prófaðu að teikna sjálfsmynd á pappír og móta síðan andlitsmynd í leir. Prófaðu að búa til grímu úr gipsgrísjum en þá þurfa tveir að hjálpast að. Það þarf að klippa til grisjurnar og bleyta. Passaðu að skilja eftir göt fyrir nasir svo hægt sé að anda á meðan gríman er að þorna. Finnst þér gipsgríman líkjast þér?

Verkefni Y4 – Móðir mín



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Maður og kona, 1982

<http://www.lso.is/vefskra/156.htm>

Skoðaðu Mann og konu

Skoðaðu verkið *Maður og kona* (LSÓ 156). Á efri árum vann Sigurjón heilmikið með tré og fundna hluti. Hlutur, sem listamaður finnur og notar síðan í verk, getur verið hvað sem er. Í listaverkinu *Maður og kona* sjáum við mismunandi tré með ólíkri áferð. Hluti af verkinu er búinn til úr tunnustaf og rekaviði eða fundnum hlutum. Verkið samanstendur af trébútum sem listamaðurinn stillir upp á ákveðinn hátt. Það er heilmikið jafnvægi í myndinni en einnig margar andstæður.

Spáð og spekúlerað

- Skoðaðu vel og vandlega formin í listaverkinu. Hver er munurinn á rekaviði og viði sem hægt er að kaupa í byggingarvöruverslun?
- Veltu fyrir þér nafninu á listaverkinu. Hvor myndhlutinn heldur þú að tákni konu og hvor mann?
- Hvernig halda hlutirnir jafnvægi í verkinu?
- Hvað er rekaviður?
- Hvað er tunnustafur?

Búðu til ...

Rekaviður hefur gjarnan mjúk og ávöl form því sjórinn er búinn að pússa hann til með öldugangi og hreyfingu. Finndu viðarbút, þú getur reynt að pússa hann til eins og rekavið eða reynt að ná fram nýrri áferð. Búðu svo til listaverk úr viðarbútnum. Ef þú finnur tvo hluti getur þú prófað að stilla þeim upp eins og þeir séu að tala saman, ekki ósvipað og Sigurjón gerir í þessu verki.

Finndu önnur verk eftir Sigurjón með sama heiti í listaverkaskránni á heimasíðu LSÓ, leitaðu í [nafnaskrá](#) og skrollaðu niður á M.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Fjölskylda, 1939

<http://www.lso.is/vefskra/1052.htm>

Verkefni Y6 – Fjölskylda

Skoðaðu Fjölskyldu

Listaverkið *Fjölskylda* (LSÓ 1052) er skorið út úr einum stórum trjádrumbi. Listaverkið er búið til úr linditré og þar sjáum við móta fyrir manneskjum sem halda hver utan um aðra. Þessi mynd er framsæ sem þýðir að framhliðin er mikilvægust og segir alla söguna.

Höggmyndir sem þessar flokkast undir því listaverk vegna þess að þau hafa fleiri en tvær viddir. Oftast er hægt að ganga í kringum þau og skoða frá ólíkum sjónarhornum.


Spáð og spekúlerað

- Hvernig heldur þú að manneskjurnar tengist listaverkinu?
- Hvernig geta fjölskyldur verið samsettar?
- Líkist barnið öðrum myndum sem þú hefur séð af listaverkum Sigurjóns? Ein vísbending er Y1.

Búðu til ...

Stundum er talað um ættartré þar sem öll fjölskyldan er sýnd á teikningu sem líkist tré. Ættartré er lítið ef fjölskyldan er lítil en það þarf margar greinar á tréð fyrir stórar fjölskyldur. Teiknaðu þitt eigið ættartré, þú getur byrjað á foreldrum þínum og bætt við greinum eftir því hvað þú átt stóra fjölskyldu.

verkefni 6 af 8
yngsta stig



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Glerskreyting, 1954

<http://www.lso.is/vefskra/1129.htm>

Verkefni Y7 – Glerskreyting

Skoðaðu Glerskreytingu

Skoðaðu á ljósmyndunum glerskreytinguna sem myndar vegg í anddyri Landsbankans á Selfossi. Best væri að fara á staðinn ef það er möguleiki. Glerið er mjög þykkt og blásið hefur verið misdjúpt í það, þannig skapast lifandi myndaspil á sandblásnu yfirborðinu. Sigurjón teiknaði mót sem iðnaðarmenn fóru eftir þegar glerið var sandblásið. Glerið var ljósmyndað á svörtum grunni áður en það var sett upp svo að allt sem virðist svart á ljósmyndunum er gegnsætt í raunveruleikanum. Myndirnar eru samtals tólf og lýsa ýmsum atvinnugreinum. Sigurjón var fyrstur til að nota þessa tækni á Íslandi. Getur þú séð hvaða atvinnugreinar þetta eru? Listaverkið sýnir vel hversu góður teiknari Sigurjón var og einnig hvernig hægt er að útfæra teikningu öðruvísi en með blýanti og blaði.

Spáð og spekúlerað

- Finndu ýmis tákni fyrir atvinnugreinar (t.d. net).
- Athugaðu hvort þú finnur sams konar tákmyndir í öðrum verkum.
- Hvað er fólkið á myndunum að gera?

Búðu til ...

Finndu nýja aðferð við að teikna án þess að nota hefðbundna liti, penna eða blýant. Það er til dæmis hægt að gera teikningu með bandi eða vír. Gerðu mynd með þessum hætti. Skrifaðu sögu um eina eða fleiri myndir. Skoðaðu *Veggmynd* (LSÓ 1097) eftir Sigurjón sem er gerð úr koparvír. Finndu listaverkið með því að leita í [nafnaskrá](#) undir V og berðu saman þessi tvö listaverk.

verkefni 7 af 8
yngsta stig



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

SURTUR

Hann kom úr Suðrinu
úr glóandi löndum
úr miðri hraunkviku Jarðar
Handleggir hans og fætur voru
gerðir af logum
Sverðið sindraði bjartara en sólin

Hann sprengdi fjöllin
sundraði himninum
Hann varpaði eldi á Jörðu
og brenndi Heiminn

Hann brenndi ekki
tréhjartað sitt
Hann skaraði áfram
í snarkandi eld ástríðanna

Susanne Jorn

Þýðing: Steinunn Sigurðardóttir

Surtur, 1968

<http://www.iso.is/vefskra/042.htm>

Skoðaðu Surt

Skoðaðu listaverkið *Surtur* (LSÓ 042). Í íslenskum fornkvæðum merkir orðið Surtur eldjötunn eða sá sem veldur eldgosum. Listaverkið er samsett úr kopar- og látúnsstykki sem eru fest við tré. Það er engu líkara en að viðarhluti verksins spúi kopareldi frá sér líkt og eldfjall. Taktu eftir hversu oddhvassar brúnirnar eru. Verkið *Surtur* getur verið stórhættulegt fari menn ekki varlega við að koma því fyrir.

Spáð og spekúlerað

- Náttúran hefur oft verið viðfangsefni listamanna og veitt þeim innblástur. Um hvaða náttúru fyrirbæri fjallar *Surtur*?
- Hefur þú séð eða heyrt um eldgos í raunveruleikanum?
- Hvernig fangar Sigurjón kraft eldgossins í listaverkinu?

Búðu til ...

Lestu ljóðið hér fyrir ofan. Höfundurinn skrifar um Surt eins og hann sé lifandi vera. Finndu þrjár myndlíkingar sem sýna fram á það.

Myndlíking er þegar orð fær aðra merkingu en því er upphaflega ætluð.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Skák í bronzi
Höggmynd Sigurjóns
Ólafssonar í Reykjavík

Umferðin hefur hrakið
hrafnana burt
en Óðinn situr að tafl
í þessum margra metra háu
súlum
sem standa hér eftir
í þessari geirnegldri stöðu
með ófyrirsjáanlegum leikfléttum
rétt eins og
aðeins væri beðið eftir
að óvænt opnist ný leið
frá og með
17. júní 1944.

Hans Mølbjerg
Þýðing: Thor Vilhjálmsson

Íslandsmerki, 1972–73

<http://www.lso.is/vefskra/1278.htm>

Skoðaðu Íslandsmerki

Íslandsmerki (LSÓ 1278) er minnismerki sem var reist í tilefni af 25 ára afmæli lýðveldisins en Ísland varð lýðveldi 1944. Verkið samanstendur af mörgum súlum sem standa í hnapp og hver súla hefur mismunandi form. Skoðaðu form þeirra og veltu fyrir þér þeim fjölmörgu sjónarhornum sem listaverkið hefur. Ef þú ert svo heppin(n) að geta skoðað verkið á Hagatorgi í Reykjavík er mögulegt að finna mörg ólík sjónarhorn með því að ganga í kringum listaverkið. Finnst þér einhver hlið vera betri en önnur?

Spáð og spekúlerað

- Súlurnar eru fimm, af hverju ætli það sé? Eru þær eins í laginu?
- Hvað táknar lýðveldi?
- Getur þú fundið einhver mannleg einkenni í súlunum?
- Ef súlurnar væru taflmenn eins og í ljóðinu, hver væri hvað?

Búðu til ...

Lestu ljóðið eftir danska skáldið Hans Mølbjerg, *Skák í bronzi*, sem einnig gæti heitið Óðinn situr að tafl, og reyndu að útskýra hvað ljóðskáldið skynjar í *Íslandsmerkinu*. Hvað er valdatafl?



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Gríma, 1947

<http://www.lso.is/vefskra/011.htm>

Verkefni M2 – Gríma

Skoðaðu Grímu

Grímur eru merkileg fyrirbæri og notaðar í ólíkum tilgangi, til dæmis til að lýsa mismunandi svipbrigðum eða persónum, til að lýsa ákveðnum aðstæðum eða hlutverkum, til að fela sig á bak við eða einfaldlega til gamans.

Spáð og spekúlerað

- Hvaða form sérðu í verkinu?
- Stækkuð útgáfa af listaverkinu er staðsett hjá Borgarleikhúsinu í Reykjavík (LSÓ 1092). Hvernig tengist listaverkið umhverfi sínu?
- Hverjir bera grímur?
- Hvaða orðatiltæki getur þú fundið um grímur?
- Kemur þú auga á tvær verur í listaverkinu? Önnur þeirra heldur á grímu.

Búðu til ...

Veldu eitt af eftirfarandi orðum og búðu til grímu sem lýsir orðinu: Sterkur, grimmur, hamingjusamur, feiminn, frekur, þungur, máttlaus. Gerðu svo aðra grímu sem er andstæða hinnar.

Skoðaðu vel hvaða liti og form þú velur og hvernig val þitt eykur merkingu grímunnar. Hægt er að einfalda verkefnið með eftirfarandi pörum: hamingjusamur – sorgmæddur, glaður – reiður, sterkur – máttlaus, feiminn – frekur, þungur – léttur.





Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Holskefla, 1969

<http://www.lso.is/vefskra/1262.htm>

Verkefni M3 – Holskefla

Skoðaðu Holskeflu

Í sumum listaverkum Sigurjóns eru vísanir í náttúrufrýrbæri og heiti verkanna gefa þetta til kynna eins og *Höfuðáttir* (LSÓ 1214), *Sólstafir* (LSÓ 1227), *Surtur* (LSÓ 042) og *Holskefla* (LSÓ 1262). *Holskefla* byggist á fjórum álíka formum sem mynda hring ef þau eru sett saman. Í þessu verki glímur Sigurjón við rýmið. Myndin hvílir á tveimur þyngdarpunktum og formin eru þanin til hins ýtrasta eins og alda sem er við það að brotna. Á þennan hátt er listamaðurinn að virkja rýmið eins og það er kallað.

Spáð og spekúlerað

- Hvað þýðir titill verksins, *Holskefla*? Flettu því upp í orðabók.
- Finndu þyngdarpunkta listaverksins á ljósmyndinni.
- Þrívíð listaverk virkja gjarnan rými með því að leita út á við eða inn á við. Skoðaðu listaverkin sem minnst er á hér fyrir ofan í listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ og kannaðu hvort þau eru innleitin eða útleitin.

Búðu til ...

Teiknaðu upp formin, hvern boga fyrir sig, og settu þau saman þannig að þau myndi hring.

Skoðaðu hvernig Sigurjón leikur á þyngdarlögmálið í listaverkinu *Holskefla*. Búðu til lítið listaverk úr leir sem hefur sama eiginleika, tvo þyngdarpunkta og reyndu að leika það eftir að virkja rýmið. Formin ná gjarnan út fyrir þyngdarpunkt verksins í þessari jafnvægislist. Þú getur skoðað *Jafnvægi* (LSÓ 070) til að fá innblástur.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Faðmlög (NATO), 1949

<http://www.iso.is/vefskra/1102.htm>

Verkefni M4 – Faðmlög

Skoðaðu Faðmlög

Skoðaðu verkið *Faðmlög* (LSÓ 1102), það er höggvið úr grásteini og er tveir metrar á hæð. Línurnar eru beinar og hvassar, formin hörð og flöt. Það sjást tvö höfuð þétt saman og fjórir fætur, sem eru spenntir saman eins og hjá glímuköppum. Mest áberandi eru form sem vefjast utan um allt verkið eins og mjög langir handleggir eða snákur. Eins og sést í listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ hefur listaverkið verið ljósmyndað frá ólíkum sjónarhornum. Hvaða sjónarhorn líkar þér best við?

Spáð og spekúlerað

- Hvað sérð þú út úr verkinu?
- Hvað er það sem umlykur verkið?
- Getur þú rökstutt hvort þessi faðmlög tákni ást og blíðu eða árekstra og baráttu?
- Hvað í verkinu undirstrikar hvort tveggja?
- Er listamaðurinn að segja okkur eitthvað með verkinu?
- Er eitthvað sem ykkur finnst mikilvægt að minna á?

Búðu til ...

Hugleiðið hvernig skoðunum er komið á framfæri og hvernig skilaboð eru send til annarra í máli og myndum. Vinnið síðan saman í hópum og ræðið málefni sem ykkur finnst skipta máli. Skriðið niður málefnið sem þið rædduð og búðið til spjald þar sem fram kemur í máli og myndum það sem um var rætt.



Blómgun, 1978

<http://www.lso.is/vefskra/251.htm>



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Skoðaðu Blómgun

Sigurjón notaði oft tré í verkum sínum, rekavið eða trjágreinar, sem lifandi efnivið ólíkt kopar og járni. Hann tálgaði, skar út eða málaði viðinn og nýtti sér einnig kvisti, sprungur og jafnvel maðkagöt sem urðu hluti af listaverkinu – allt til að auka áhrifamátt hins upprunalega efniviðar. Í þessu verki notaði Sigurjón þurrkaðan við.

Spáð og spekúlerað

- Hvað þýðir blómgun eða að blómstra?
- Getur þú fundið myndlíkingu út frá heiti listaverksins?
- Breytir heiti verksins því hvernig þú lítur á það? Hvað ef það væri kallað „pönkari“?
- Stækkuð útgáfa af listaverkinu var reist við Menntaskólann við Sund 1988. Hvaða táknrænu skýringu telur þú vera fyrir þeirri staðsetningu? Er sambandi á milli þess að læra og blómgast?

Búðu til ...

Búðu til mynd sem er táknræn fyrir vöxt, blómgun og þroska. Þú getur skoðað listaverkin *Samstæða* (LSÓ 059), *Blómið* (LSÓ 139) og *Þönglastríðið* (LSÓ 037) eftir Sigurjón eða listaverkið *Upp, upp, upp mín sál* eftir Margréti Jónsdóttur frá 1979 (og já, í titli listaverksins er þrefalt upp!) Sjá: <http://www.umm.is/UMMIS/Listamenn/Listamadur/276>



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Saltfiskstöflun, 1934–35

<http://www.lso.is/vefskra/1034.htm>

Verkefni M6 – Saltfiskstöflun

Skoðaðu Saltfiskstöflun

Áður fyrr var saltfiskurinn ein mikilvægasta útflutningsvara Íslendinga og því þýðingarmikill fyrir þjóðarbúið. Listaverkið er svokölluð lágmynd, þar sem fígúrir eru mótaðar á veggflöt og sjást aðeins frá einni hlið. Myndin sýnir konur við vinnu. Þetta eru átta konur sem vinna saman tvær og tvær. Þær eru á tveimur hæðum. Taktu eftir myndbyggingunni og hvernig formin skarast og tengja neðri og efri hæð verksins. Við það verður meiri hreyfing í myndinni, nánast eins og konurnar lifni við. Skoðaðu formin í verkinu og smáatriðin sem sjást t.d. í klæðum þeirra.

Spáð og spekúlerað

- Takið eftir mismunandi stellingum kvennanna.
- Hvernig eru þær klæddar?
- Getur þú séð frásögn í listaverkinu?
- Af hverju heldur þú að Sigurjón hafi gert listaverk um vinnslu saltfisks?
- Skoðaðu *Saltfiskstökkun* eftir Kjarval sem er kalkmálverk á vegg (e. *fresco*) í Landsbankanum, Austurstræti í Reykjavík, næst þegar þú átt leið um. Umfjöllunarefnið er augljóslega það sama en 10 ár skilja verkin að.

Búðu til ...

... myndasögu sem samanstendur af tveimur til fjórum römmum eins og lágmyndin hans Sigurjóns. Hvað er hægt að segja í aðeins tveimur römmum?

Önnur hugmynd er að skoða vel hvað konurnar eru að gera og hvernig þær beita líkamanum. Prófið að sviðsetja listaverkið. Setjið ykkur í sömu stellingar og konurnar á myndinni.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Séra Friðrik, 1952

<http://www.lso.is/vefskra/1120.htm>

Verkefni M7 – Séra Friðrik

Skoðaðu Séra Friðrik

Skoðaðu styttuna af séra Friðriki Friðrikssyni. Hann var æskulýðsleiðtogi og stofnaði meðal annars KFUM á Íslandi. Sigurjón hafði þekkt séra Friðrik frá því að hann var unglingur og það kom sér vel, því Sigurjóni fannst mikilvægt að kynnast persónunum til að geta gert góða andlitsmynd af þeim. Myndin af séra Friðriki er mjög raunsæ en drengurinn gæti verið hvaða drengur sem er. Berðu saman andlit þeirra og skoðaðu muninn. Taktu eftir smáatriðum í myndinni, hvar hendurnar er staðsettar.

Spáð og spekúlerað

- Skoðaðu vel muninn á andliti drengsins og Friðriks. Kemur þú auga á ólík útfærsluatriði? Hver eru þau?
- Berið andlit sama drengs (LSÓ 1122) saman við portrett eða andlitsmynd af Birgittu Spur (LSÓ 017). Hvað er líkt með þeim?
- Er nauðsynlegt að þekkja manneskju vel til að gera góða mynd af henni?
- Skoðaðu portrett eða andlitsmynd af séra Friðriki (LSÓ 1071) sem er í raunstærð (jafn stór og fyrirmyndin) og berðu saman við stóru styttuna en hún sýnir andlit Friðriks í yfirstærð. Hver er munurinn? Þú getur líka skoðað portrett/andlitsmynd af Stefáni Stefánssyni (LSÓ 216) og borið saman við andlitsmyndina af séra Friðriki.

Búðu til ...

... andlitsmynd af manneskju sem þú telur vera góða fyrirmynd.

Persónulýsingin gæti verið klippimynd. Þú getur getið þér til um hvaða áhugamál, skoðanir, uppáhaldslitir og fleira er einkennandi fyrir þessa manneskju. Klipptu út úr gömlum tímaritum og notaðu litaðan pappír til að ná fram myndrænni lýsingu á persónunni.

Andlitsmyndin má líka vera sjálfsmynd.

verkefni 7 af 8
miðstig



Klyfjahestur, 1959–63
<http://www.lso.is/vefskra/1167.htm>



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Skoðaðu Klyfjahest á Hlemmi


Skoðaðu verkið *Klyfjahestur* með því að smella á krækjuna hér fyrir ofan eða sjálfa styttuna við Hlemmtorg. Verkið byggist á æskuminningum Sigurjóns frá Eyrarbakka, en þangað komu bændur með hestalestir sínar til að versla. *Klyfjahestur* fjallar einnig um sögu Íslendinga þegar bændur fóru í kaupstaðarferðir, margar dagleiðir yfir ár og vegleysur til að selja vörur sínar, ull og tólg, og keyptu í staðinn sykur, kornvöru, kaffi og timbur. Styttan er eins konar minnisvarði um fátæka bóndann sem átti aðeins eina hryssu.

Spáð og spekúlerað

- Hvað merkir að vera klyfjaður?
- Verkið átti upphaflega að vera á Hlemmi þar sem Strætó er með eina af sínum aðalstoppestöðvum en áður fyrr var vatnspró. Hver heldur þú að tengsl hestanna séu við staðinn?
- Hvernig eru verslunarferðir í dag? Er eitthvað líkt með þeim og verslunarferðum þegar klyfjahestar voru notaðir?
- Veltu fyrir þér hestinum sem tákni. Hvað táknar meri með folald? Hvað táknar riddari á hesti?
- Hér getur þú skoðað stytta sem Bertel Thorvaldsen gerði 1826–27 af Józef Poniatowski (A123):
<http://www.thorvaldsensmuseum.dk/en/collections> [á ensku]
<http://www.thorvaldsensmuseum.dk/samlingerne> [á dönsku]

Búðu til ...

Búðu til sögu um folaldsmeri (LSÓ 1167) og riddarastyttu Thorvaldsens (sjá krækjur hér fyrir ofan). Ímyndaðu þér að hesturinn eða merin segi söguna. Í hverju felst munurinn á frásögn þeirra?



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Verkamaður, 1930

<http://www.lso.is/vefskra/1017.htm>

Verkefni E1 – Verkamaðurinn

Skoðaðu Verkamanninn

Þetta er standmynd af nöktum manni sem lyftir haka yfir hægri öxl. Listnám felur meðal annars í sér að kunna skil á vöðva- og beinabyggingu mannslíkamans (anatómía) og nemendur teiknuðu og mótuðu í leir eftir afsteypum af klassískum höggmyndum og lifandi módelum. Í fornum höggmyndum Grikkja og Rómverja voru goðin eða hetjurnar oftast án klæða, því menn dýrkuðu fegurðina í hinum nakta mannslíkama. Í *Verkamanninum* (LSÓ 1017) bregður Sigurjón út af þessari hefð og sýnir hetju nútímans, hinn vinnandi mann, en einmitt á fjórða áratug síðustu aldar var félagslegt raunsæi (e. *social realism*) ríkjandi liststefna bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Spáð og spekúlerað

- Nú til dags mótast sterklegur líkami frekar af ástundun líkamsræktar eða kraftlyftinga en hér áður fyrr mótaðist líkaminn m.a. af erfiðisvinnu.
- Skoðið andlit og háls verkamannsins, hvað segja þessir líkamshlutar um starf hans? Rökstyðjið hvað þið sjáið í svipbrigðum og líkamsstöðu.
- Virðist hakinn, sem verkamaðurinn heldur á, vera léttur eða þungur?
- Skoðið ljósmynd af portretti/andlitsmynd af Svend Nissen (LSÓ 1016). Þessi maður sat fyrir hjá Sigurjóni á meðan hann vann standmyndina.
- Hvernig fötum klæðast verkamenn? Eru það einhver sérstök föt?

Búðu til ...

Veltið fyrir ykkur vöðva- og beinabyggingu á anatómíusíðum eins og <http://www.ifafitness.com/book/anatomy.htm> og skoðið hvernig þekktir listamenn hafa unnið með anatómíu (leitið á Google undir Leonardo da Vinci anatomy – myndaniðurstöður). Prófið að teikna vöðva og bein í líkingu við teikningar Leonardos da Vinci.

verkefni 1 af 8
efsta stig



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Kona úr baði, 1948

<http://www.lso.is/vefskra/013.htm>

Verkefni E2 – Kona úr baði

Skoðaðu Konu úr baði

Grágrýtið er ekki hentugt fyrir smáatriði eða finar línur, en Sigurjón var hrifinn af þessu efni og margar grásteinsmyndir hans fela í sér einhvern íslenskan reynsluheim. En listaverkið *Kona úr baði* sem hann gerði 1948 kallast líka á við grísku gyðjuna Afródítu, en Rómverjar nefndu hana Venus. Sú gyðja var fædd úr sjávarlöðri og kallast stundum Andýómene sem merkir sú sem reis úr löðrinu. Mörg listaverk hafa verið gerð um þessa gyðju þar sem kona stígur úr baði eða hafi, undurfögur og „fullsköpuð“. Hugsanlega er hin íslenska Afródíta hér á ferð. Hvað heldur þú?

Spáð og spekúlerað

- Berið saman verkin *Kona úr baði* (LSÓ 013), *Sjómaður* (LSÓ 1095), *Kona með blóm* (LSÓ 1093) og *Víkingur* (LSÓ 1112). Hvað eiga þessi verk sameiginlegt?
- Skoðið listaverk sem eru úr öðru efni eins og marmara og tré, til dæmis *Kona* (LSÓ 1066) og *Hendur* (LSÓ 1047). Taktu eftir því hvernig efniviðurinn hefur mismunandi áferð og áhrif á verkin.
- Getur þú ímyndað þér frásögn sem hæfir listaverkunum sem nefnd eru hér fyrir ofan?

Búðu til ...

Skoðaðu ljósmyndaröðina af *Konu úr baði* (LSÓ 013) í listaverkaskrá LSÓ sem sýnir ólík sjónarhorn. Búðu til þrívítt listaverk af einhverri athöfn eins og að fara í bað, sund eða krjúpa á bæn. Prófaðu að útfæra sama listaverk, þ.e.a.s. sömu stellingar, úr mismunandi efni eins og leir eða pappamassa.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Spor í sandinn, 1982

<http://www.lso.is/vefskra/160.htm>

Verkefni E3 – Spor í sandinn

Skoðaðu Spor í sandinn

Þetta listaverk er frístandandi tvíhliða lágmynd úr eik. Langoftast eru lágmyndir aðeins með eina hlið. Í listaverkinu *Spor í sandinn* (LSÓ 160) hefur yfirborð viðarins verið dekkjt og síðan búin til áferð með sporjárn. Fram- og bakhlið eru ekki nákvæmlega eins, en Sigurjón markar útlínur tákanna með borvél og hleypir þannig birtu í gegnum myndflötinn. Hér er nánast teiknað með ljósinu. Fyrir miðju eru eins konar frjósemistákn, egg og verur, sem koma fyrir í mörgum verkum Sigurjóns. Mögulega standa þessi tákn líka fyrir sköpun. Listaverkið er eins konar samantekt um ævi listamannsins.

Spáð og spekúlerað

- Taktu eftir sporunum í listaverkinu. Eru þau samstiga? Stefna þau í sömu átt? Fyrir hvað er sandurinn táknrænn?
- Þrátt fyrir einföldun forma er hægt að lesa heila ævi út úr táknum listaverksins. Oft þarf að fara krókaleiðir til að ná settu marki í lífinu. Hvernig birtast krókaleiðir eða ringulreið í þessu listaverki?

Búðu til ...


Búðu til þín eigin tákn og ævispor. Hugsaðu þér tímabil frá því þú fæðist og til dagsins í dag og hvernig sú leið hefur mótað þig og hvaða tákn lýsa best þessu ferðalagi.

verkefni 3 af 8
efsta stig



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Sigurður Nordal, 1946
<http://www.lso.is/vefskra/1086.htm>

Sigurður Nordal, 1946
<http://www.lso.is/vefskra/1085.htm>

Skoðaðu Sigurð Nordal

Að móta í leir eða höggva í stein eru mjög ólíkar aðferðir. Þegar höggvið er í stein er efnið fjarlægt þangað til það form er komið fram sem listamaðurinn er ánægður með. Þetta er kallað súbtraktíf aðferð (að taka frá). Það sem er sérstaklega vandasamt við þessa aðferð er að ekki er hægt leiðrétt eða laga ef maður heggur of mikið úr steini eða tekur of mikið í burtu ef efniviðurinn er tré. Þegar mótað er í leir, er byrjað innst í verkinu og leirnum hlaðið utan á smátt og smátt. Mótun í leir kallast additíf aðferð (að bæta við). Þessi aðferð er sveigjanlegri en súbtraktífa aðferðin því auðvelt er að leiðrétt, bæta við og móta leir en ekki stein eða tré.

Spáð og spekúlerað

- Skoðaðu og berðu saman tvær portrettmyndir af Sigurði Nordal (LSÓ 1086) og (LSÓ 1085).
- Í hverju felst munurinn helst?
- Getur þú séð að um sama manninn sé að ræða?
- Hvað er líkt og hvað ólíkt með listaverkunum?

Búðu til ...

Prófaðu að móta form eftir fyrirmynd úr ólíkum efnum eins og leir eða kartöflu. Taktu eftir því hvernig þú getur bætt við með leirnum og leiðrétt, ef þarf, en þú þarft að passa að taka ekki of mikið í burtu af kartöflunni.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Svava Ágústsdóttir, 1964

<http://www.lso.is/vefskra/033.htm>

Verkefni E5 – Svava Ágústsdóttir

Skoðaðu Svövu Ágústsdóttur

Listaverkið *Svava Ágústsdóttir* (LSÓ 033) er fyrst mótað í leir, þá er byrjað innst og leirnum hlaðið utan á þar til viðunandi form er fengið. Stundum er leirinn brenndur og þá er listaverkið tilbúið en viðkvæmt. Oftast er unnið áfram með leirmyndina og gerð afsteypa af henni, fyrst í gips og síðan í brons. Taktu eftir hvað leirinn er þjappaður í andlitinu en ekki í hárinu. Svava átti tíu börn! Samt sem áður er mikil ró í svipbrigðum myndarinnar. Hún hefur þá líklega verið yfirveguð móðir. Höfuðstilling og prófíll Svövu minna dálítið á mjög fræga höfuðmynd af egypskri drottningu sem hét Nefertiti.

Spáð og spekúlerað

- Ólíkt ljósmynd er andlitsmynd í brons tímalaus því listamaðurinn reynir að ná fram heild persónueinkenna. Hver eru þín persónueinkenni?
- Ef þú mættir nota þrjú orð til að lýsa Svövu með því að rýna í listaverkið, hvaða orð myndir þú nota?
- Lestu um Nefertiti hér: <http://en.wikipedia.org/wiki/Nefertiti>, og berðu listaverkin saman.

Búðu til ...

Leiðangur þar sem þú hefur uppi á níu af tíu börnum Svövu Ágústsdóttur og manningum hennar með því að leita í listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ. Hér eru vísbendingar: LSÓ 1201, LSÓ 1207, LSÓ 1200, LSÓ 1203, LSÓ 1204, LSÓ 1205, LSÓ 1208, LSÓ 1209, LSÓ 1370, LSÓ 1193.

verkefni 5 af 8
efsta stig



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Dansinn, 1975

<http://www.lso.is/vefskra/1291.htm>

Verkefni E6 – Dansinn

Skoðaðu Dansinn

Listaverkið *Dansinn* (LSÓ 1291) er unnið í við sem kallast mahóni og er lágmynd. Skoðaðu hvernig listamaðurinn sker út í viðinn, jafndjúpt alls staðar. Formin eru einföld en búa til myndræna hreyfingu. Þó að formin séu tvívíð (forgrunnur og bakgrunnur) þá blekkja margfaldar línur augað og listaverkið virðist vera á hreyfingu. Þetta er ekki ósvipað aðferðum við gerð myndasagna. Sigurjón notaði sama mótív og í *Dansinum* á minnispening sem tákn fyrir Færeyjar í röð norrænna minnispeninga (LSÓ 1306).

Spáð og spekúlerað

- Getur þú búið til teikningu sem sýnir hreyfingu?
- Hvað er fjöregg?
- Af hverju heldur þú að Sigurjón hafi valið *Dansinn* sem tákn fyrir Færeyjar?
- Þældu aðeins í mjúkum og hvössum línum og muninum á þeim í listaverkum.

Búðu til ...

Í annarri lágmynd sem kallast *Baráttan um fjöreggið* (LSÓ 098) er líka mikil hreyfing og hraði. Finndu hana í listaverkaskrá á heimasíðu LSÓ. Skoðaðu muninn á þessum tveimur listaverkum og þá sérstaklega muninn á línunum. Búðu til myndasögu um dans!



Sköpun, 1976

<http://www.lso.is/vefskra/072.htm>



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Sundaborg, 1971–74

<http://www.lso.is/vefskra/1274.htm>

Skoðaðu Sköpun og veggmynd á Sundaborg

Skoðaðu veggmyndir Sigurjóns á *Sundaborg* (LSÓ 1274) við Kleppsveg í Reykjavík og listaverkið *Sköpun* (LSÓ 072) sem staðsett er í anddyri Listasafns Sigurjóns. Virtu fyrir þér formin sem endurspeglast í báðum verkum, annars vegar sem pósítívt (jákvætt) form og hins vegar negatívt (neikvætt) form. *Sköpun* er þrívítt listaverk en þó unnið eins og lágmynd með fjórar hliðar. Hér skipta áhrif ljóss og skugga miklu máli því þau skerpa formin og listaverkið breytist eftir því hvernig sólarljósið fellur á það.

Spáð og spekúlerað

- Skoðaðu aðrar veggmyndir eftir Sigurjón, t.d. LSÓ 1285, LSÓ 1303 og LSÓ 1304.
- Prófaðu að skissa upp formin sem þú sérð í veggmyndunum.
- Pósitív og negatív form eru ekki ólík hljóði og þögn í tónlist. Hvor tveggja eru nauðsynleg.

Búðu til ...

Búðu til ljósakassa sem er opin í annan endann til að geta séð inn í hann frá einni hlið. Á annarri hliðinni eru skorin út form sem varpa síðan skugga á innri vegg kassans sé ljósi varpað á þau. Skoðaðu hvernig ljós og skuggar hafa áhrif á formin.



Maður og kona, 1939

<http://www.lso.is/vefskra/1054.htm>



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND

Skoðaðu verkið Maður og kona

Skoðaðu verkið *Maður og kona* og hafðu andstæður og samstæður í huga. Sigurjón gerði sínar fyrstu trémyndir í lok fjórða áratugarins, en efniviðurinn átti mjög vel við hann. *Maður og kona* er eitt af þessum skúlptúrverkum, gert úr tré. Hér hefur Sigurjón teflt tveimur hlutum saman í óhlutbundna mynd, hlutum sem eiga að tákna mann og konu. Hvor trébúturinn telur þú að sé karlinn og hvor er kona? Annar búturinn er mjúkur og vel þússaður en hinn er grófhöggvinn og hrárri og þá tölum við oft um að tefla saman andstæðum í verki. Sigurjón hefur alla tíð leyft þeim efniviði sem hann vinnur með að eiga virkan og mótandi þátt í sköpun verka sinna. Kvistir og æðar í viðnum fengu að halda sér og stundum fengu heilu viðardrumbarnir að miklu leyti að halda sínum upp-runalegu einkennum. Stundum er talað um að Sigurjón hafi haldið trúnað við efnið.

Spáð og spekúlerað

- Hvort telur þú að sé kona og hvort er maður?
- Er þetta lífrænn efniviður? Hver er munurinn?
- Hvað þýðir eiginlega þegar talað er um að eitthvað sé karllægt og annað kvenlægt?
- Getur þú nefnt dæmi um slíkt?
- Hvaða tvenns konar efnivið notar Sigurjón í myndina sína?
- Prófaðu að finna annað dæmi um verk þar sem hann teflir saman andstæðum eins og í þessu verki?


Búðu til ...

Búðu til lítinn skúlptúr þar sem þú teflir saman andstæðum, bæði hvað varðar efnivið og líka hugmyndalega. Andstæðurnar geta verið af ýmsum toga, svartur og hvítur, ljós og skuggi, sætt og súrt, vont og gott, svo eitthvað sé nefnt. En hafðu líka í huga að andstæðurnar geta verið fólgnar í efniviðnum líka, t.d. þegar við tölum um náttúrulegan eða manngerðan efnivið. Reyndu að finna einhverjar andstæður til að vinna út frá, stundum koma hugmyndirnar með efniviðnum sjálfum. Skúlptúrin þarf einungis að samanstanda af tveimur hlutum.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

LISTASAFN
ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY
OF ICELAND



Móðir mín, 1938

<http://www.lso.is/vefskra/007.htm>

Aukaverkefni E9 – Móðir mín

Skoðaðu listaverkið Móðir mín

Skoðaðu verkið *Móðir mín* sem Sigurjón gerði 1939. Hann lagði mikla áherslu á að spjalla við fyrirsetur sínar á meðan vinnan við verkið fór fram því þannig gat hann numið svipbrigði þeirra, öðruvísi sjást þau ekki. Sigurjón talar um að hann hafi stundum þurft að beita smá stríðni til að fá fólk til að vakna til lífsins. Hann þekkti mömmu sína svo náíð að hann vissi vel hvað hann ætti að segja til að fá viðbrögð frá henni. Móðir Sigurjóns hafði miklar skoðanir á pólitík og þoldi ekki að heyra um stjórnámálamanninn og einræðisherrann Stalín og það notfærði Sigurjón sér en passaði sig samt að ganga nú ekki of langt. Þannig gat hann fengið fólk til að sýna fleiri hliðar á sjálfu sér, séð hvernig hrukkunum bregður fyrir í andlitinu í andlitinu, hvar sterku og veiku línurnar liggja í andlitsdráttunum og hvernig viðmót þeirra var á meðan hann formaði myndir af þeim. Ef þú skoðar myndina vel og berð saman við myndina af Svövu Ágústsdóttur (verkefni E5) sérðu fljótt hvað andlitsdrættir geta verið margþátta en hver lína skiptir höfuðmáli.

Spáð og spekúlerað

- Sumir segja að þessi andlitsmynd sé táknræn fyrir allar íslenskar alþýðukonur.
- Hvað heldur þú að Guðrúnu hafi fundist um að sonur hennar væri að búa til andlitsmynd af henni?
- Hvernig myndir þú lýsa henni með orðum?
- Hér má nálgast ítarefni um hagi ungra alþýðukvenna og nánari upplýsingar um bakgrunn Guðrúnar:

<http://www.lso.is/PDF/2011-Islandingur.pdf>

aukaverkefni
efsta stig